

LÖG

um

22

4. júní

breyting á lögum um samþyktir um sýsluvegasjóði, nr. 10, 20. júní 1923.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

Á eftir öðrum málslíð 3. gr. laganna komi þrír nýir málslíðir, svo hljóðandi:

Þó skal hreppsfjelagi heimilt að greiða skattinn úr sveitarsjóði, sje það samþykkt með $\frac{2}{3}$ atkvæða á lögmætum sveitarfundi, sbr. 53. gr. sveitarstjórnarlaganna, og tilkynning þarum komin til sýslumanns fyrir 1. apríl. Gildir sú skipun þangað til fundarsamþyktin er úr gildi feld með sama hætti. Jafnar hreppsnefnd þá skattinum niður með aukaútsvörum, og skal hreppsnefndaroddviti greiða hann sýslumanni á gjalddaga þeim, er áður segir.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaluborg, 4. júní 1924.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Magnús Guðmundsson.